

# Fréttabréf AFLs

5. tbl. 2021

Dreift um allt Austurland

Ábyrgðarmaður: Sverrir Albertsson

## Kjaramál

# Samtök atvinnulífsins og Seðlabankinn vilja hafa umsamdar launahækkningar af launafólki!

Um áramótin hækka taxtar almennra kjarasamninga um 25.000 krónur á mánuði en 17.250 krónur á mánuði til þeirra sem eru á launum umfram taxa. Sú hækkun tekur jafnframt til iðnaðarmanna á töxtum. Aðrir kjaratengdir liðir hækka frá sama tíma um 2,5%

Þessir kjarasamningar gilda fyrir iðnaðarmenn, verslunar- og skrifstofufólk, verkafólk á almennum vinnumarkaði og loks þjónustusamningurinn (vegna veitinga- gisti og greiðasölastaða, afþreyingarfyrirtækjum og hliðstæðir starfsemi).

Auk þess var samið um launaþróunartyggingu sem getur hækkað laun til viðbótar verði hækkun á launavísitölu umfram ákveðinn launaflokk í kjarasamningi verkafólks. Þessi samanburður er gerður á desemberlaunum milli ára og liggur því niðurstaða ekki fyrir fyrr en í mars.

## Hagvaxtaraukinn

Þessu til viðbótar var samið um hagvaxtarauka, sem tekur mið af að hækki verg landsframleiðsla á hvern íbúa umfram 1% njóti launafólks hækkunar í launum. Miðað er við að þetta liggja fyrir í lok apríl ár hvert á samningstímanum.

Nú bendir ýmislegt til þess hagvaxtaraukinn muni skila launafólki einhverjum krónur í launaumslagið og er kominn töluverður titringur og áróður af stað í þjóðfélaginu bæði vegna almennu hækkunarinnar og hagvaxtaraukans.

Það er með öllu ólíðandi þegar Samtök Atvinnulífsins og Seðlabankinn tala fyrir því að helst ætti launafólk að afsala sér umsömdum launahækkunum af því að atvinnulífið ráði ekki við hækkningar. Það er ekki farið fram á mikið – aðeins að staðið sé við gerða kjarasamninga.

AFL Starfsgreinafélag hafnar þessum málflutningi enda var mikið fyrir því haft að ná kjarasamningum saman. Félagsmenn hafa þurft að



Stjórn AFLs á fundi í nóvember.

taka á sig hækkningar á vöru og þjónustu að undanfögnu og biða umsamdra launahækkana þess vegna.

## Aðrir kjarasamningar

Kjarasamningar félagsmanna sem starfa hjá ríkisstofnunum renna út 1. apríl 2023. Laun þeirra hækka þann 1. janúar n.k um 17.250 krónur á mánuði. Komi hagvaxtarauki til framkvæmda á almennum vinnumarkaði skulu teknar upp viðræður milli samningaáðila hvernig þær hækkningar skili sér inn til þeirra sem eftir ríkissamningum starfa.

Kjarasamningur félagsins við sveitarfélögin gildir til 1. október 2023. Laun samkvæmt þeim kjarasamningi hækka 1 janúar n.k. um 25.000 krónur á mánuði og hafa sama ákvæði um hagvaxtaraukann og í ríkissamningi.

Laun félagsmanna í Alcoa hækka um 5,8% þann 1.mars 2022.

Kjarasamningar sjómanna eru lausir og engar viðræður í gangi milli samningsaðila. Engar hækkningar hafa

komið á tryggingu, tímakaup né aðra kaupliði í þeim samningi frá 1. maí 2019. Samningar sjómanna runnu út fyrir tveimur árum síðan.

Allir fjórir kjarasamningar félagsins við Samtök atvinnulífsins sem gerðir voru 2019 renna út þann 1. nóvember 2022.

## Desemberuppbót

Hér að neðan eru desemberuppbætur reiknaðar miðað við 100% starf. Nánari útreikninga og upplýsingar má sjá á heimasíðu félagsins, [www.asa.is](http://www.asa.is).

Venja er að desemberuppbót greiðist með nóvemberlaunum en

í flestum kjarasamningum er tekið fram að uppbótina eigi að greiða í síðasta lagi 15. desember.

Sjómenn fá ekki greidda desemberuppbót skv. kjarasamningum.

Starfshópur	Uppbót 2021
Verslunar- og skrifstofufólk	96.000 kr.
Verkamenn (þ.m.t. hótél og veitingast.)	96.000 kr.
Iðnaðarmenn	96.000 kr.
Sveitarfélögin	121.700 kr.
Ríkið	96.000 kr.
Alcoa Fjarðarál	273.200 kr.
Starfsmenn á bændabýlum	96.000 kr.
Starfsmenn við línu og net	96.000 kr.

# Fleiri verkalýðsfélög taka upp félagakerfi AFLs

Verkalýðsfélagið Hlíf í Hafnarfirði mun taka upp félagakerfi AFLs nú um áramótin og stendur innleiðing félagsins í kerfið nú yfir. Um er að ræða mjög umfangsmikla breytingu í starfi Hlífar sem hingað til hefur notað annað félagakerfi og verið með frekar einfaldar „mínar síður“ og orlofsvef.

Að sögn Guðmundar Rúnars Árnasonar, framkvæmdastjóra Hlífar, ríkir nokkur eftirvænting á skrifstofu Hlífar. „Við erum búin að skoða AFLs kerfin mjög vel og erum mjög ánægð með þessa ákvörðun okkar. Mér sýnist að kerfið uppfylli allar okkar óskir og vel það,“ sagði Guðmundur.

„Ég er sérstaklega ánægður með að þetta kerfi er frá upphafi skrifað fyrir verkalýðsfélag með svipaða starfsemi og við erum með – en ekki eitthvað hliðarverkefni annarra tölvukerfa“ sagði Guðmundur, en félagakerfið Jóakim, sem Hlíf hefur notað til þessa, var upphaflega skrifað sem kerfi fyrir lifeyrissjóði.


Hlíf mun setja kerfið upp mjög svipað og AFL notar það – þ.e. nota sér alla sjálfvirkni möguleika kerfisins og tengja það við bókhaldskerfi þannig að færslur fari allar sjálfvirkir á milli kerfa.

Undirbúningur að þátttöku Hlífar í félagakerfi AFLs hefur staðið frá því í vor. AFL kynnti þá félagakerfi sitt fyrir nokkrum verkalýðsfélögum og var Hlíf fyrst félaga til að óska eftir þátttöku. Tvö minni félög biðu svo á hliðarlínunni og munu væntanlega koma inn í kerfið á næsta ári og loks eru nokkur stærri félög í viðræðum við AFL um þátttöku.

## Austfirsk framleiðsla

Upphaf félagakerfis AFLs má rekja allt til 2007. Við sameiningu þriggja verkalýðsfélaga í AFL Starfsgreinafélag, þ.e. Verkalýðsfélags Reyðarfjarðar, Vökuls Stéttarfélags og AFLs Starfsgreinafélags Austurlands, fór af stað vinna í að búa til sameiginlegt vinnusvæði fyrir starfsfólk hins nýja félags. Vökull Stéttarfélag var lengst komið í tölvumálum, rak sinn eigin tölvuþjón og var með sameiginlegt vinnusvæði. Verkalýðsfélag Reyðarfjarðar og gamla AFL voru skemmra komin, í raun var bara einkatölva á borði hvers starfsmanns og hver starfsmaður vistaði skjöl hjá sér.

Öll þrjú félögin notuðu þó sama félagakerfi sem hýst var í Sandgerði hjá höfundu kerfisins. Kerfið heitir Félagakerfið Bóti og var upphaflega skrifað sem



Skjáskot úr félagakerfinu.

félagakerfi og til að halda utan um greiðslur atvinnuleysisbóta og var skrifað að frumkvæði Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur. Bóti var gott félagakerfi og fullnægði flestum þörfum félaganna – en var engu að síður dálítið barn síns tíma, skrifað um 1990. Kerfið var svokallað gluggaforrit og erfitt að tengja það við önnur utanálggjandi kerfi.

Fyrsta kerfi AFLs var í raun aðeins „Sharepoint síða,“ sem byggði á gögnum úr Bóta sem sótt voru með vefþjónustum. Það kerfi var smíðað aðallega til að starfsfólk hefði sameiginlegt vinnusvæði og sameiginlega skjalavistun. Fyrsta „Sharepoint“ síða félagsins var gerð af Stefán Erni Viðarssyni sem þá var þjónustustjóri hjá EJS á Akureyri – en félagið fór með sín tölvumál í hýsingu þar.

AFL fékk aðstoð hjá Austurnet ehf. sem var á þeim tíma „regnhlífarfélag“ fyrir sjálfstætt starfandi hugbúnaðarfólk á Austurlandi, til að vinna kerfi félagsins áfram. Þá voru í forystu þar aðallega Tjörvi Hrafnkelsson og svo síðar Ágúst Valgarð Ólafsson.

Þeir byrjuðu á að setja upp

gagnagrunn fyrir AFL sem byggði á gögnum úr félagakerfinu Bóta – sem sótt voru með vefþjónustum. Tilgangurinn var koma upp nútíma gagnagrunni sem önnur forrit og kerfi gætu talað við. Fyrsta sjálfstæða „kerfi“ AFLs sem byggði á þessum grunni var „hópa- og skeytakerfi“ sem gerði fólk kleift að búa til hópa félagsmanna og senda út tölvupósta og smáskilaboð.

## Félagsmenn vildu orlofskerfið á vefinn

Á þessum árum var mikill þrýstingur frá félagsmönnum um að fá orlofskerfið út á „vefinn“ svo fólk gæti bókað sjálft. AFL lagðist því í könnunarvinnu og skoðaði m.a. orlofskerfi sem þá var í boði fyrir verkalýðsfélög. Mat félagsins á þeim tíma var að það kerfi tæki allt of há þjónustugjöld og ennfremur að lítill sveigjanleiki væri í kerfinu og erfitt að fá sérlausnir við það – en félagið hafði þá þegar ákveðið að taka upp aðgangskerfi þar sem félagsskirteini yrðu lykilkort að íbúðum.

Það varð síðan úr að félagið fékk forritara hjá Austurnet – þá Garðar

Val Hallfredsson og Sigurð Pál Behrend til að skrifa orlofskerfi. Það var stór ákvörðun fyrir AFL, því þrátt fyrir að fyrir lægi kostnaðaráætlun, verða þær oft fljótt úreltar við hugbúnaðargerð.

Bæði hættir forriturum til að vanmeta sjálfir umfang verkefna og svo bæta kaupendur þjónustunnar yfirleitt verulega við verkefnið á leiðinni með að óska eftir fleiri möguleikum og meiri virkni. Fyrsta útgáfa orlofskerfisins stóðst þó að mestu kostnaðaráætlun, sem hljóðaði upp á 30 milljónir króna, og var kerfið gangsett 18. apríl 2013.

Frá því kerfið var sett í gang 2013 hafa 36.500 bókanir farið í gegn um kerfið en á sama tíma hefur umfang orlofsíbúða og-húsa AFLs stóruaust. Þannig voru 2.444 bókanir á fyrstu 12 mánuðum sem kerfið var rekið en á síðustu 12 mánuðum hafa verið 5.281 bókanir. Á þessum tíma hefur einnig orðið sú þróun að í stað þess að starfsmenn bóki allar bókanir í að um 70% félagsmanna sjá sjálfir um að bóka sínar íbúðir og hús og ganga frá greiðslum. Þannig hefur álag á starfsfólk félagsins ekki aukist þó svo að umfang kerfisins hafi tvöfaldast. Telja má að með því hafi sparast sem nemur einu stöðugildi starfsmanns.

## Félagsskirteinin sem lyklar

Samfara flutningi á orlofsíbúðum félagsins í Reykjavík í Mánatún – var tekið upp aðgangskerfi þar sem félagsskirteini eru lykilkort. Í tengslum við það var skrifuð tenging frá orlofskerfi félagsins í aðgangskerfið og tókst svo vel til að nánast öll stjórnun á aðgangsmálum, opnunum korta og eftirlit með þeim, er framkvæmt í gegnum þá lausn.

Þetta kerfi hefur gengið áfallalítið frá 2013 og er einnig notað á nokkrum af skrifstofum félagsins.



Guðmundur Rúnar Árnason, framkvæmdastjóri Hlífar, kynnir kerfið fyrir starfsmönnum.



## Félagakerfið sjálft

Frá því að orlofskerfið var skrifað 2012 – 2013 var lítið um viðbætur við kerfið þar til 2015 var tekin ákvörðun um að fullgera kerfið sem félagakerfi. Austurnet tók einnig þann bolta, undir forystu Garðars og Sigurðar. Það verkefni var hins vegar það stórt að kalla þurfti fleiri að því og komu þá einnig Guðmundur Rúnar Einarsson og Kristján Krossdal að borðinu. Í ársbyrjun var móttaka skilagreina tilbúin og sett í gang og í mars var farið að afgreiða styrki og sjúkradagpeninga úr hinu nýja félagakerfi. Undir lok árs var alveg hætt að nota Bóta.

Frá 2016 hefur svo verið unnið að ýmskonar endurbótum og viðbótum að félagakerfi AFLs. Um síðustu áramót litum við svo á að kerfið væri fullgert – þrátt fyrir að ýmsar viðbætur væru á óskalistaum – þá fullnægði kerfið öllum þörfum okkar.

Nýjasti starfsmaður Austurnets er Guðný B. Kjartansdóttir Briem – og hefur hún síðustu mánuði aðallega unnið við að koma „mínum síðum“ félagakerfisins yfir á fleiri tungumál og önnur verkefni sem tengjast mínum síðum.

Kynni AFLs af Guðnýju hófust 2018 þegar hún ásamt þremur samnemendum í fjarnámi í tölvunarfræði við Háskóla Íslands unnu lokaverkefni sitt í náminu með því að gera „malakerfi“ fyrir verkalyðsfélag. Við sátum nokkra rýnifundi með þessu austfirsku nemendateymi og gáfum þeim aðgang að vinnuumhverfi félagsins í gegnum Austurnet. Ekki varð þó úr að við innleiddum þeirra vinnu en Guðný kom síðan til starfa fyrir Austurnet að námi loknu og hefur verið virkur þátttakandi í áframhaldandi þróun félagakerfisins.

## Í boði fyrir önnur félög

Síðastliðið vor var „Jóakim“, félagakerfi sem mörg verkalyðsfélög hafa notað, til umfjöllunar í fréttaskýringaþættinum Kveik vegna gjaldtöku fyrir notkun þess. Í kjölfarið tók AFL saman kynningarefni um félagakerfi okkar og bauð nokkrum verkalyðsfélögum að skoða kerfið.

Í haust hófst vinna við að gera kerfið „fjölnotendavænt“, sem hefur reynst talsverð. Um leið hafa ýmsir smáhlutir verið lagfærðir og bættir.



Starfsmenn Austurnets. Frá vinstri: Garðar Valur, Þórunn, Guðmundur Rúnar og Guðný. Á myndina vantar Sigurð Pál.

Þegar þetta fréttabréf er ritað eru starfsmenn Hlífar þegar komnir inn í kerfið og farnir að undirbúa að taka það fullkomlega í notkun um áramótin.

Eftir að innleiðingu Hlífar lýkur upp úr áramótum verður mögulega hafin innleiðing tveggja til þriggja félaga til viðbótar enda ryður þátttaka Hlífar ýmsar brautir og er „lærdómsferill“ fyrir bæði AFL og Austurnet. Bæði er þá komin reynsla á að flytja gögn úr Jóakim yfir í nýja kerfið og eins notar Hlíf DK bókhaldskerfi á meðan AFL notar Navision. Nú er að ljúka endurskrifum á tengingum við bókhaldskerfi.

## Félagakerfið Tótal

Kerfi AFLs hefur fengið nafn og nefnist nú Félagakerfið Tótal. AFL vinnur að stofnun sérstaks rekstrarfélags sem mun annast útleigu og sölu á kerfinu, enda ekki við hæfi að verkalyðsfélag standi í rekstri á samkeppnismarkaði. Stofnverð hins nýja rekstrarfélags verður bókfært virði hugbúnaðarins sem settur er í nýja félagið, sem AFL mun eiga að fullu.

Stefnt er að því að kerfið verði orðið algjörlega sjálfbært innan fárra ára og að AFL fái mögulega til baka stóran hluta stofnkostnaðar.

Ef áætlanir ganga eftir væru mögulega 5 – 10 þökkalega stór verkalyðsfélög orðin notendur af kerfinu innan þriggja ára. Þá verður þeim mögulega boðið að ganga inn

í hið nýja rekstrarfélag og kaupa eignarhluta í kerfinu. Þetta eru þó að mestu vangaveltur nú. Bókfært verð kerfisins er um 80 milljónir króna og hefur sá kostnaður stofnast á síðustu 11 árum.

Síðustu ár hafa afnotagjöld af öðrum kerfum sparast auk þess sem stjórn félagsins telur að með þessu kerfi hafi sparast eitt til tvö stöðugildi sem annars væri þörf á við rekstur félagsins. Mjög mikil sjálfvirkni er í kerfinu sem sparar t.d. að mestu allan innslátt félagsgjalda, bæði í félagakerfi og bókhaldskerfi. Að auki afgreiða félagsmenn sig að verulegu leyti sjálfir bæði í orlofskerfi og vefverslun sem léttir mjög álagi af skrifstofum félagsins. Þá er aðgangskerfi félagsins algerlega sjálfvirk og opnast því aðgangskort félagsmanna sjálfkrafa – um leið og leiga er greidd.

## Alfarið Austfirskt hugvit

Allur hugbúnaður AFLs er skrifaður á Austurlandi og undir forystu þeirra Garðars Vals og Sigurðar hjá Austurneti. Fyrirtækið hefur tekið nokkrum breytingum á ferlinu en kjarninn hefur samt alltaf verið sá sami. Þeir forritarar sem mest koma að málum AFLs eru þeir tveir félagar og svo Guðný og Guðmundur Rúnar Einarsson. Þá skrifaði Kristján Krossdal skilagreinaakerfi félagsins að mestu. Eins hefur Þórunn Hálfðanardóttir einnig komið að málum og verið félaginu til aðstoðar sérstaklega í vefmálum. Einnig undir

merkjum Austurnets er Unnar Erlingsson, grafískur hönnuður, hann hefur bæði verið útlitsteiknari félagsins og veitt ráðgjöf um útlit á vef og kerfunum sjálfum.

Þróun hugbúnaðar sem er jafn umfangsmikill og kerfi félagsins eru – kallar á mikla yfirlegu og rýnivinnu. Starfsfólk félagsins hefur lagt mikið á sig – setið marga og stranga rýnifundi og tekið virkan þátt í þróun kerfisins.

Á mikilvægum tímamótum í þróuninni hefur starfsfólkið haft beinar línur til forritara og minniháttar lagfæringar jafnvel framkvæmdar nánast jafnóðum og um þær er beðið. Þannig hefur verið reynt að sniða kerfið eins mikið að þörfum og óskum starfsfólks og hægt er.

Mínar síður félagsmanna eru sífellt mikilvægari þáttur í gagnvirkum samskiptum félagsmanna við félagið. Því hefur einnig átt sér stað rýnivinna með einstökum félagsmönnum til að kanna hvað betur mætti fara.

## Aldrei búin

Við teljum nú að félagakerfið okkar sé fullbúið – en gerum okkur samt grein fyrir því að þessu verkefni lýkur aldrei. Umhverfið breytist í sífellu og við verðum að bregðast við. Það er samt góð tilfinning að vera ekki að elta þróunina heldur vinna samhliða henni.

## Mínar síður næst á spænsku

Mínar síður AFLs Starfsgreinafélags verða fljótlega aðgengilegar á spænsku. Spænskumælandi félagsmaður AFLs hefur tekið að sér að þýða helstu orð og orðatiltæki sem fyrir koma á mínum síðum.

Nú er hægt að velja 7 tungumál á mínum síðum: íslensku, pólsku, tékknesku, rúmensku, litháísku og serbnesku/kroátísku.

Þýðendur eru í flestum tilfellum félagsmenn AFLs sem hafa náð góðum árangri í íslensku en eru að þýða á móðurmál sitt.

## Partístand og byssulæti

Síðustu vikur hefur verið óvenju mikið um partístand og ólæti í sumarhúsum á Einarstöðum. Því miður hefur þurft að kalla til lögreglu og jafnvel fjarlægja fólk úr húsum um miðjar nætur. Það er því rétt að vekja athygli félagsmanna enn á ný á því að það á að vera komin á ró í byggðina eftir klukkan tíu á kvöldin og í næstu húsum er fjölskyldufólk með ung börn. Því er alls ekki ásættanlegt að ekki fáiast næturró vegna drykkjuláta úr nærliggjandi húsum.

Þegar kvartanir berast eru partíhaldarar settir í bann og geta ekki leigt bústað eða íbúðir félagsins í allt að tvö ár, eftir því hvað brotið er alvarlegt.

Vitaskuld eru ekki allir ólátabelgir félagsmenn AFLs en á Einarstöðum eru hús í eigu margra verkalyðsfélagar. Engu að síður á AFL um helming húsa og eru meirihluti gesta um helgar.

Þá hefur slæmur viðskilnaður aukist þannig að umsjónarmenn



Orlofshús AFLs á Einarstöðum.

byggðarinnar eru oft uppteknir fram í miðja viku við að gera bústaði hreina og leiguhæfa eftir helgarnar. Orlofsbyggðin innheimtir fyrir öll aukapríf og AFL innheimtir þann kostnað beint af leigutaka ef viðkomandi var í húsi AFLs.

Það er og óþolandi síður hjá fólki að hrækja út tóbakspúðum hvar sem

það stendur. Umsjónarmenn tína þessa púða upp í kringum bústaði og innheimta fyrir vinnu við það. Það er ekki bjóðandi að fólk þori ekki að leyfa ungum börnum að leika sér úti vegna sóðaskapar af þessu tagi.

Þegar þessi aukapríf eru á húsum AFLs þá innheimtir félagið fyrir

alla þessa aukavinnu og aukapríf hjá leigutakanum – og þeir sem höfðu bústaðinn á leigu geta ekki leigt orlofseign á ný fyrir en þessu kostnaður hefur verið greiddur.

Þá er rétt að benda byssumönnum í AFLi og öðrum félögum á að fara að lögum varðandi meðferð á skotvopnum. Í fyrsta lagi eiga allar byssur að vera óhlaðnar og í öðru lagi eiga menn ekki að meðhöndla skotvopn innan byggðarinnar og alls ekki undir áhrifum áfengis.

Öll meðferð skotvopna sem ekki samrýmist lögum verður hér eftir tilkynnt til lögreglu – enda hefur á síðustu árum tvisvar verið hleypt af slysaskoti innan byggðarinnar þegar menn voru með hlaðnar byssur en héldu að þær væru óhlaðnar. Sem betur hlupu bæði skotin af innandryra og ollu minni skemmdum en ætla mætti. Félagsmenn AFLs sem staðnir verða að því að fara óvarlega með skotvopn – verða útilokaðir frá byggðinni næstu misserin á eftir.

## Útgerðin hagnast en neitar að deila með sjómönnum

Útgerðin hefur skilað 36 milljarða króna hagnaði að meðaltali síðustu fimm ár. Engu að síður neita útgerðarmenn eðlilegri kröfu sjómanna um sambærileg lífeyrisséttindi og annað launafólk nýtur – en það myndi kosta útgerðina innan við milljarð króna að hækka mótframlag í lífeyrissjóð um 3,5% þannig að

lífeyrissparnaður sjómanna yrði eins og annarra launþega.

„32. þing Sjómannasambands Íslands, haldið 4. og 5. nóvember 2021, vítir Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi harðlega fyrir að í áraraddir sé ekki gerður kjarasamningur við sjómenn um þau sjálfsgöðu réttindamál sem önnur samtök launafólks hafa þegar

samið um. Nú eru liðin tæp 2 ár frá því kjarasamningar sjómanna runnu út. Vegna þvergerðingshátta útgerðarinnar er ekki útlit fyrir að samningar náist án átaka,“ segir m.a. í ályktun nýafstaðins Sjómannasambandsþings.

Á þinginu var Valmundur Valmundarson endurkjörinn formaður Sjómannasambandsins.

Í Sambandsstjórn eiga sæti tveir fulltrúar AFLs – Sverrir Albertsson formaður Sjómannadeildar AFLs og Grétar Smári Sigursteinsson, sjómaður á Höfn.

AFL átti 5 fulltrúa á þinginu sem fram fór á Grand Hótel í Reykjavík í byrjun nóvember.

## Um starf og stöðu trúnaðarmanna verkalyðsfélaga

Starf trúnaðarmanna hefur verið nokkuð til umræðu síðustu vikur. AFL Starfsgreinafélag og forysta þess telur nauðsynlegt að áréttta þá mikilvægu en jafnframt viðkvæmu stöðu sem trúnaðarmenn geta lent í. Trúnaðarmenn eru fyrst og fremst trúnaðarmenn samstarfsfólks – þ.e. kjörnir af samstarfsfólki til að koma fram fyrir þeirra hönd og gæta hagsmuna þeirra.

Því er mikilvægt að trúnaðarmaður, sem stígur fram með sameiginleg mál samstarfsmanna, finni alltaf að hann/hún hafi fullan stuðning frá félaginu og að samstarfsfólk standi með honum/henni.

AFL Starfsgreinafélag hefur alltaf lagt áherslu á að veita trúnaðarmönnum félagsins þann stuðning sem þeir hafa þörf á og vilja þiggja. Félagið gerir það alla jafna með því að bjóða aðgang að þeim námskeiðum sem í boði eru og sérstakur starfsmaður AFLs annast samskipti við trúnaðarmenn þannig að þeir geti alltaf leitað eftir stuðningi og handleiðslu þegar á þarf að halda.

Formaður og aðrir í forystu félagsins mæta síðan með trúnaðarmönnum á vinnustaðafundi eða á fundi með stjórnendum vinnustaða þegar þess er óskað. Þetta er mikilvægt til að trúnaðarmenn

skynji það bakland sem félagið veitir í deilum við launagreiðendur.

Það er og ekki síður mikilvægt að hinn almenni félagsmaður sýni trúnaðarmanni sínum stuðning og standi með honum í deilum sem upp kunna að koma – þannig að launagreiðandi skynji þungann af félagsamtökunum en telji sig ekki bara þurfa að eiga við „einn uppivöðslusaman“ starfsmann.

Því miður eru nokkur dæmi þess að trúnaðarmenn hafi hætt þar sem þeir fengu aldrei stuðning vinnufélaga þegar á hólminn var komið – að þegar verkstjórar gengu á samstarfsfólkið varðandi þau umkvörtunarefni sem þau sjálf

höfðu beðið trúnaðarmann um að annast – að þá kannaðist enginn við neitt og sögðu allt í himnalagi. Þá stendur trúnaðarmaðurinn eftir einn og berskjaldaður og lítur út eins og einhver vandræðamaður sem hefur verið að efna til illinda.

Þá hætta trúnaðarmenn og vinnustaðurinn er í verri stöðu á eftir.

Stöndum með trúnaðarmönnum okkar.